

Ed. 424. Frumvarp til laga [83. mál]
um Heyrnar- og talmeinstöð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. maí.)

1. gr.

Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist Heyrnar- og talmeinstöð Íslands. Stofnunin skal skipuð yfirlækni, sérmenntuðum í heyrnarfræði, í fullu starfi og skal hann annast faglega stjórn stofnunarinnar. Honum til aðstoðar skal vera yfirheyrnar- og taluppeldisfræðingur. Aðrir starfsmenn stofnunarinnar skulu vera heyrnar- og taluppeldisfræðingar, heyrnarritarar, tæknimenn, hlustarstykkjasmiðir ásamt aðstoðarfólki.

2. gr.

Ráðherra skipar yfirlækni að fengnum tillögum stöðunefndar samkvæmt lögum nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu. Ennfremur skipar ráðherra yfirheyrnar- og taluppeldisfræðing að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Aðrir starfsmenn skulu ráðnir af stjórn stöðvarinnar.

3. gr.

Stofnunin heyrir undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem skipar henni sérstaka stjórn. Skal stjórnin skipuð 7 mönnum til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Menntamálaráðuneytið tilnefnir einn, Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaupra einn, Félagið Heyrnarhjálp einn, Talkennarafélag Íslands einn, Félag háls-, nef- og eyrnalækna einn og Heyrnleysingjaskóli Íslands einn.

4. gr.

Stofnunin skal annast hvers konar þjónustu við heyrnarskerta, t. d. prófun heyrnar og úthlutun heyrnartækja. Stofnunin skal annast sjúkdómsgreiningu málhaltra, bæði barna og fullorðinna. Stofnunin skal halda skrá yfir alla þá landsmenn, sem eru heyrnarskertir og/eða málhaltir. Stofnunin skal annast heyrnarmælingar á fólki í fyrirbyggjandi tilgangi, t. d. vegna hávaða við vinnu eða notkunar lyfja. Skal stofnunin hafa fullt samráð við þá aðila opinbera, sem annast málefni á þessum vettvangi. Stofnunin skal hafa yfirumsjón með þjálfun og endurhæfingu heyrnarskertra og málhaltra, heyrnartækjameðferð og heyrnarrannsóknnum, í samráði við aðra aðila, sem starfa á þessum vettvangi.

5. gr.

Stofnunin skal annast útvegum á hvers konar hjálpartækjum fyrir heyrnarskerta og málhálta, sem yfirlæknir hennar úrskurðar nauðsynleg.

Ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar reglur um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna slíkra tækja í samræmi við hliðstæðar greiðslur almannatryggingalaganna.

6. gr.

Að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar er ráðherra heimilt að setja með reglugerð gjaldskrá fyrir veitta þjónustu stöðvarinnar og skal sú gjaldskrá vera í samræmi við gjöld fyrir aðra veitta sérfræðiþjónustu.

7. gr.

Stofnunin skipuleggur ferðir starfsmanna sinna til aðstoðar heyrnardaupum og málhöltum úti á landi. Skulu slíkar ferðir farnar a. m. k. árlega. Stofnunin skal hafa náið samstarf við Háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans í Reykjavík, enda sé henni ætluð framtíðarstaðsetning í þegar hönnuðum húsakynnum göngudeildar H.N.E. í Borgarspítalanum.

8. gr.

Stofnunin hefur í samráði við skólastjóra og kennara Heyrnleysingjaskólans sérfræðilega umsjón með heyrnaruppeldis- og læknisfræðilegri meðferð og rannsókn nemenda skólans.

Sama gildir um sérdeildir heyrnardaupra í almennum skólum og um stofnanir og sérdeildir fyrir þroskaheft fólk og um samráð við skólastjóra og kennara þeirra.

9. gr.

Heilsugæslustöðvar skulu hafa samráð við stofnunina um alla þjónustu við heyrnardaupna og málhálta, sem veitt er á heilsugæslustöðvum.

10. gr.

Ráðherra setur stofnuninni og stjórn hennar starfsreglur.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 74 16. maí 1978 með sama heiti.